



4,3% verðbólga í júní

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,26% milli mánaða í júní og mælist verðbólga nú 4,3% samanborið við 4,4% í maí. Þetta var aðeins minni hækkun en við áttum von á, en við höfðum spáð 0,3% hækkun milli mánaða.

Mest áhrif til hækkunar milli mánaða hafði kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsnæði) sem hækkaði um 0,7% (áhrif á vísitölu 0,12%) og flugfargjöld sem hækkuðu um 4,9% (0,07% áhrif á vísitölu). Mestu áhrif til lækkunar höfðu húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. sem lækkuðu um 1,0% milli mánaða (-0,07% áhrif).

Vísitalan hækkað nokkuð minna en við áttum von á, en við höfðum spáð 0,3% hækkun milli mánaða. Það sem kom mest á óvart var að matarkarfan lækkaði um 0,31% milli mánaða en við áttum von á að hún myndi hækka.

Samsetning verðbólgunnar er að breytast

Í tölunum í morgun sáum við áframhald á þeirri þróun sem við höfum séð það sem af er ári, þ.e. að framlag innfluttra og innlendra vara er að minnka, en framlag húsnæðis og þjónustu að aukast.


Í janúar var verðbólga eining 4,3%. Síðan þá hefur framlag innfluttra vara lækkað um 1,0 prósentustig og framlag innlendra vara lækkað um 0,2 prósentustig á meðan framlag húsnæðis hefur hækkað um 0,6 prósentustig og framlag þjónustu hækkað um 0,6 prósentustig.

Matarkarfan lækkaði milli mánaða

Það sem kom okkur mest á óvart í tölum Hagstofunnar var að matarkarfan lækkaði milli mánaða. Munar þar mest um grænmeti sem lækkaði um 3,2% milli mánaða og ávexti sem lækkuðu um 0,8%.


Síðustu tólf mánuði hefur matarkarfan hækkað aðeins minna en vísitalan í heild, eða 2,7% í samanburði við 4,3%. Ávextir (-5,4% milli ára) og grænmeti (-1,6% milli ára) hafa lækkað mest, en mjólk, ostur og egg (+5,1% milli ára) og sykur,

Framlag undirliða



Heimild: Macrobond

Matarkarfan



Heimild: Macrobond



súkkulaði, sælgæti o.fl. (+4,9% milli ára) hafa hækkað mest.

Dregur úr hækkunartakti markaðsverðs húsnæðis

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um 0,7% milli mánaða (áhrif á vísitölu: 0,12%). Þetta skiptist þannig að markaðsverð húsnæðis hækkaði um 0,8% milli mánaða og framlag vaxtabreytinga var 0,1 prósentustig til lækkunar.

Í þetta sinn var lítill munur á hækkun á fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu (+0,9% milli mánaða), einbýli á höfuðborgarsvæðinu (+0,7% milli mánaða) og utan höfuðborgarsvæðisins (+0,8% milli mánaða).

Framlag vaxtabreytinga til breytinga milli mánaða lækkaði fjórða mánuðinn í röð, en það var í kringum 0,5% til frá maí 2020 til febrúar 2021.


Bensín hækkaði milli mánaða

Bensín og dísilolía hækkuðu um 0,2% milli mánaða og er tólf mánaða hækkunin 12,8%. Þetta skýrst af hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu, en fatið af Brent kostar nú um 76 Bandaríkjadali, en kostaði 40 Bandaríkjadali í júní 2020.

Flugfargjöld hækkuðu milli mánaða


Flugfargjöld hækkuðu um 4,9% milli mánaða. Þetta skiptist þannig að flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 5,4% en flugfargjöld innanlands lækkuðu um 1,1%. Þetta er í fyrsta sinn frá því að heimsfaraldurinn skall á sem flugfargjöld til útlanda hreyfast um meira en 5% milli mánaða, en Hagstofan hélt þessum lið óbreyttum meðan flug til og frá landinu lá niðri.

Reiknuð húsaleiga




Heimild: Macrobond

Bensínverð



Heimild: Macrobond

Flugfargjöld



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.